

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 3. maí 2021  
Málsnr.: 2104063

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd ofl.) – Þingskjal 1179 – 700. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 15. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar (TR) um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpi þessu eru m.a. lagðar til þær breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs hækki úr 12% í 15,5%, að mælt verði fyrir um tilgreinda séreign sem geti orðið allt að 3,5% og um heimild til skattfrjálsar úttektar tilgreindrar séreignar vegna kaupa á fyrstu íbúð.

Þá er lögð til breytt hugtakanotkun í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 þar sem kveða á skýrar á um það hvaða lífeyrisréttindi koma ekki til lækkunar við ákvörðun um ellilífeyri, tekjutryggingu og ráðstöfunarfé samkvæmt þeim lögum. TR fagnar því að kveða á skýrar á um það í lögum um almannatryggingar hvaða lífeyristekjur eigi að koma til lækkunar á réttindum samkvæmt þeim lögum og telur það nauðsynlegt í ljósi þess ójafnræðis sem hefur skapast á milli þeirra sem greitt hafa í samtryggingarsjóði annars vegar og séreignarsjóði hins vegar hvað varðar áhrif þeirra réttinda við útgreiðslu á lífeyrisréttindi almannatrygginga. Haft var samráð við TR um þetta atriði við samningu frumvarpsins en þó vill stofnunin koma sérstaklega að athugasemdum hvað þetta varðar á þessu stigi til viðbótar við nokkur önnur atriði sem nánar eru reifuð hér að neðan.

a) Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á 4. mgr. 1. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 að aldurslágmark vegna greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð sé hækkað úr 16 ára í 18 ára aldur. Í greinargerð kemur fram að þessi breyting sé í samræmi við réttindaávinnslu til ellilífeyris í almannatryggingalögum. Á það skal bent að réttindaávinnsla til ellilífeyris í almannatryggingalögum hefst við 16 ára aldur, sbr. 1. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þá á sama aldurslágmark einnig við um upphaf réttindaávinnslu hvað örorkulífeyri varðar, sbr. 1. mgr. 18. gr. almannatryggingalaga. Á hinn bóginn er 18 ára aldur lágmarksaldur vegna greiðslu örorkulífeyris skv. almannatryggingalögum.

b) Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er lífeyrissjóðum og öðrum aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. laganna gert skylt að senda Skattinum sundurliðun á ráðstöfun á lífeyrisiðgjaldi hvers manns. TR vill aðeins ítreka mikilvægi þess að vel sundurgreindar upplýsingar séu sendar Skattinum en TR nýtir þær upplýsingar við ákvörðun um lífeyrisréttindi samkvæmt almannatryggingalögum. Eins og gert er ráð fyrir þá þarf sérstakur tekjuliður a.m.k. að vera fyrir tilgreinda séreign, greiðslur úr samtryggingarsjóðum innan skyldubundins iðgjalds, greiðslur úr séreignarsjóðum innan skyldubundins iðgjalds (sbr. 15. og 17. gr. frumvarpsins), greiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í frumvarpi þessu og greiðslur annars frjáls lífeyrissparnaðar.

c) Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lífeyrir skuli vera verðtryggður og breytast árlega til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs næstliðins árs. TR telur að sú breyting sem gert er ráð fyrir í ákvæðinu mun leiða til verulega minni frávika við árlegan endurreikning bóta líkt og kveðið er á um í greinargerð. Nauðsynlegt er að minnka frávik við endurreikning bóta og vill stofnunin einnig nýta þetta tækifæri og benda á mikilvægi þess að samræma betur greiðsluferfi lífeyrissjóðanna og TR með auknum vefþjónustusamskiptum á milli kerfanna, lífeyrisþegum til hagsbóta. Það myndi leiða til enn minni frávika við endurreikning bóta sem og færri skrefa fyrir lífeyrisþega við gagnaöflun vegna umsókna um lífeyrisréttindi almannatrygginga. TR hefur hvatt til þessara breytinga undanfarin ár án árangurs, en mikilvægt er að allir lífeyrissjóðirnir taki þátt í gagnasendingunum þar sem flestir lífeyrisþegar eiga rétt í fleiri en einum lífeyrissjóði og ekki liggur fyrir hver rétturinn til lífeyris frá TR er fyrir en upplýsingar hafa borist frá öllum lífeyrissjóðum. Hlýtur það að vera í takt við aukin stafræn samskipti almennt í samfélaginu og markmið stjórnvalda í þeim efnum að draga það ekki frekar að koma á stafrænum gagnasendingum á milli TR og lífeyrissjóðanna. Því er þess óskað að tekið verði á þessu í frumvarpinu og lífeyrissjóðum gert að mæta þessari kröfu.

d) Í 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á hugtakanotkun í 4. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga að orðin „séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd“ breytist í „tilgreindri séreign og viðbótarlífeyrissparnaði“. Tilgangurinn er stofnuninni ljós en huga þarf vel að hugtakanotkun í lögum um almannatryggingar þar sem það getur skipt miklu máli fyrir réttindi lífeyrisþega hvaða tekjur eru undanskildar frá áhrifum á lífeyrisréttindi almannatrygginga. Stofnunin telur hugtakið „tilgreind séreign“ vera skýrt miðað við orðalag frumvarpsins. Hugtakið „viðbótarlífeyrissparnaður“ kemur hins vegar hvergi fyrir í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en það er skilgreint í greinargerð sem iðgjald umfram lífeyrisiðgjald skv. 1. mgr. 2. gr. laganna. Hann takmarkist við 4% framlag réttthafa af iðgjaldsstofni, sbr. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og 2% mótframlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni. Æskilegt væri að hugtakið kæmi fram í lögnum sjálfum en stofnunin telur að átt sé við lífeyrisréttindin sem myndast af iðgjaldinu en ekki iðgjaldið sjálft í þessu samhengi.

Sérstaklega vill stofnunin benda á misræmi í hugtakanotkun sem myndast við þessa breytingu á milli 3. og 4. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Ekki er fyrirhugað samkvæmt frumvarpinu að breyta 3. mgr. 16. gr. laganna sem kveður á um það hvaða tekjur eru undanskildar áhrifum á örorkulífeyri samkvæmt 18. gr. laganna til lækkunar. Undanþáguákvæði 3. mgr. er víðtækara en 4. mgr. 16. gr. Þar koma fram hugtökin „séreignarlífeyrissparnaður“ og „viðbótartryggingarvernd“. Spurning er hvort orðalagið ætti að vera samræmt en þó þarf að tryggja að það hafi ekki áhrif á túlkun þess ákvæðis. Verði orðalagið samræmt þá gæti það



falið í sér að annar frjáls sparnaður en sá sem fellur undir hugtakið „Viðbótarlífeyrissparnaður“ myndi ekki falla undir undanþáguregluna. Þörf gæti verið á skýringarákvæðum í 2. gr. laga um almannatryggingar.

e) Í 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 2. mgr. 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 að orðið „séreignarlífeyrissparnaði“ breytist í orðin „tilgreindri séreign og viðbótarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða“. Þessi breyting er í samræmi við fyrirhugaða breytingu á 4. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sem mælt er fyrir um í 14 gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda sem gerðar eru við það ákvæði hér að ofan.

f) Í 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að frumvarpið taki gildi 1. október 2021. Æskilegt væri að breytingarnar sem frumvarpið mælir fyrir um, einkum breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, taki gildi um áramót. Skil við áramót minnkar flækjustig við útreikninga lífeyrisréttinda almannatrygginga umtalsvert.

Virðingarfyllst,

Sigríður Lillý Baldursdóttir  
Forstjóri Tryggingastofnunar